

## Valtýr Pétursson skrifar um sýningar Guðna Hermansen og Magnúsar Kjartanssonar

Þetta mun vera þriðja sýning Guðna Hermansen á fastlandinu, eins og þeir í Eyjum nefna það. Fyrir nokkrum árum sýndi Guðni í Listamanskálanum sáluga og þá sýningu sá ég. Síðan sýndi Guðni í Norræna húsinu ekki fyrir löngu, en þá sýningu sá ég ekki. Nú er hann kominn að Kjarvalsstöðum með 75 málverk, öll gerð í olfulitum. Guðni hefur enn fremur haldið aðrar sýningar á verkum sínum þar á meðal í Færeyjum ekki alls fyrir löngu.

Guðni Hermansen er heima-málari þeirra eyjamanna og það fer ekki milli mála að kveikjan að myndgerð Guðna er sött í landslag og náttúru-umbrot þar í eyjunum. Gosið í Eyjum virðist hafa haft mikil áhrif á list Guðna, og er það ekki nema eðlilegt. Það eru ekki margir listamenn í veröldinni, sem upplifa það að jörðin springur og eys eldi og brennisteini svo að segja við fætur þeirra. Hraunið og myndanir þess í þúsundum mismunandi útgáfum flæðir yfir byggð og

eyðileggingin verður alger. Maðurinn stendur máttarvana fyrir krafti, sem eyðileggur og skapar að nýju um leið. Ljós tilverunnar fær á sig annarlegt yfirbragð, sem kallar fram sérstæðar og áður óþekktar tilfinningar. Yfirbragð hlutanna verður framandi og um leið verður mat og viðbrögð manna á annan veg en áður var. Það, sem var og hét í gær, verður ekki að morgni og er heldur ekki í dag. Umhverfið fær á sig ókennilegar myndir, sem heilla listamanninn og brjótast út á mismunandi hátt í meðförum listamannsins og brjótast út á mismunandi hátt í meðförum forms og litar á léreftinu. Eg held að þessi atriði séu öll finnanleg í þeim verkum, er Guðni Hermansen sýnir nú á þessari sýningu sinni.

Þetta er snotur sýning hjá Guðna og frágangur hverrar myndar fyrir sig til fyrirmyndar. Vel gert við hvert verk og hvergi sparað til við innrömmun og annað. Snyrtimennska mikil er í öllum vinnubrögðum, en stundum



Granni í garð, ein af myndum Guðna Hermansen — sýnir Eldfellið og Helgafell, tvíburana sem fæddust með 5000 ára millibili.

virðist nostríð heldur mikið og ég er ekki viss um, að list Guðna Hermansen sé innst inni eins sleikt og móskuleg og ráðið verður af sumum þessara verka. Mig grunar að svölitið hrjúfara handbragð og um leið

persónulegra hefði aukið myndrænan kraft og komið betur til skila þeim kenndum er listamaðurinn hefur gert að undirstöðu verka sinna. Lita-meðferð Guðna er þægileg og viðkvæm, tónarnir mjúkir og á stundum það vel samunnir, að verkin verða dálítið einlita, og þá saknar maður þess að sjá

ekki verulega spennu í andstæðum tónum og sviptingar í meðferð myndflatarins en eins og ég hef áður minnst á eru þessi verk svo samræmd í lit að mýkt og viðkvæmi skín úr hverju pensilfari. Því er heldur ekki að leyna að nokkurra áhrifa frá Sverri Haraldssyni gæti í þessum verkum Guðna Hermansen. Nokkuð er að áberandi bæði í myndbyggingu og meðferð fyrirmynda, en lita-tónar eru persónulegri, og á ég þá sérlega við þau verk, sem byggð eru á snæviþöktu landslagi.


Það, sem mér finnst merkast við þessa sýningu Guðna Hermansen, eru þau áhrif, er hann hefur orðið fyrir frá gösinu í Eyjum. Að vísu eru þessi verk Guðna nokkuð tengd sumu af því er súrrealistar hafa látið frá sér fara, en ég held, að þar sé aðeins um eðlilegan skyldleika á andlega sviðinu að ræða en ekki stælingu.

Þetta er sérstæð sýning, og ég óska listamanninum til hamingju með fyrirtækið og þakka fyrir mig.

## Myndlist

ÞAÐ eru ætíð merk tímamót í lífi hvers myndlistarmanns, er hann efnir til sinnar fyrstu einkasýningar. Nú hefur Magnús Kjartansson, ungar og efnilegur málari, sem hefur tekið þátt í nokkrum samsýningum að undanförunu og nú síðast átti nokkur verk á Haustsýningu F.I.M., komið fyrir góðu sýnishorni af myndgerð sinni í helmingnum af Vestursalnum á Kjarvalsstöðum. Eins og stendur eru tvær sýningar í Vestursalnum, en einmitt sá möguleiki var tekinn með í reikninginn, er stærð salarins var ákveðin í upphafi. Þessar sýningar eru mjög sín af hvoru tagi, og er því frólegt og skemmtilegt að koma þar um þessar mundir.

Magnús Kjartansson hefur að loknu námi hér heima stundað myndlistarnám erlendis og það hjá einum af þekktustu meisturum nútímalistar í Evrópu, dananum Mortensen. Eg held enda, að sjá megi strax af fyrstu viðkýningu við myndgerð Magnúsar, að þar eru óvenjulegir hæfileikar á ferð,



EIN af myndum Magnúsar Kjartanssonar.

sem þegar hafa fengið þá skólun, að vænta má ýmislegra frá þessum unga listamanni. Hann hefur að vísu sýnt nokkuð keimlík verk að undanförunu, og hann er mikið fyrir að klippa, rífa og tæta ýmiss konar efni og setja í myndir sínar. Þannig virðist hann hafa sérlegt dálæti á sumum umbúðum eins og t.d. frá Sláturfélaga Suðurlands og þar sjást kaffipokar frá John-

son & Kaaber einnig víða. Bylgjupappa og alls konar úrklippur, myndir og lesmál notar Magnús einnig til að gefa myndum sínum líf og efniskennd. Magnús virðist hafa ágætt auga fyrir litum og notar þá eftir skapperð sinni til að ná spennu eða samspili. Myndbygging Magnúsar er stundum hnitmiðuð og sýnir persónulega meðferð myndflatarins, sem er eitt af því, er Magnús leggur einna mesta rækt við. Eg fæ ekki betur séð en að góð lita-meðferð Magnúsar sé honum það eðlileg, að formið og flöturinn geri honum oft erfiðara fyrir. Samt er gott samræmi milli litar og forms, sem skapar heildir, sem listamaðurinn sfoan teflir saman til að ná þeim áhrifum er hann vill seiða fram í það og það skiptið. Þannig tekst honum að gera verk sín mjög mismunandi í byggingu og allri tjáningu. En til að sjá þetta nægilega vel, verður fólk að gefa sér góðan tíma til að kynnast þessum verkum. Ekki

ætla ég að nefna sérstök verk að sinni til suónings máli mínu, en það væri auðvelt. Það er líka satt, að ekki eru öll verk jafn góð á þessari fyrstu einkasýningu Magnúsar Kjartanssonar. Annað væri óeðlilegt, því að fáar eða engar frumraunir í myndlist hafa verið það óaðfinnanlegar að snöggir blettir yrðu ekki fundnir. Þetta er ögn sérlunduð sýning á köflum, glettin, og lúmsk. Ekki öll þar sem hún er séð í fyrsta sinn. Eg held, að mörg af smæstu verkunum á þessari sýningu hafi rótað einna mest við mér. Sum þeirra eru mjög aðlaðandi, hrein í formi, að vísu fáskrúðug í lit, en náðu tilgangi sínum merkilega vel.

Þetta er skemmtileg og fersk sýning, sem gefur til kynna mikla hæfileika, er geta orðið að ágætum liðsáuka í Íslenskri myndlist, ef rétt er á haldið. Ekki ætla ég að prédika né heldur spá að sinni, framvinda mála er undir listamanninum sjálfum komið, og það einasta, sem sómir að gera, er að óska honum gengis á komandi tím-

um. Samtíð okkar er mörgum hættuleg og hrekkjótt. Það er erfitt að vera listamaður í tæknioðu verðbólguflóði, þar sem hraðinn er mælikvarði alls.

Í sýningarskápum kaffistofunnar á Kjarvalsstöðum hefur Kolbrún Björgólfssdóttir komið fyrir nokkrum munum, unnum í keramik. Hún er eiginkona Magnúsar og fyrir nokkrum vikum minnstist ég á verk Kolbrúnar, er hún tók þátt í sýningu á Loftinu. Hef ég þar engu við að bæta að sinni, nema hvað þetta eru þokkalegir hlutir.


Að lokum færi ég Magnúsi Kjartanssoni góðar óskir og þakka honum fyrir skemmtilega sýningu. Það mundi afi listamannsins Guðbrandur heitinn Magnússon líka hafa gert, og mikið held ég, að hann hefði verið ánægður, blessaður, yfir því, að sonarsonur væri farinn að sýna nútímalaverk á Kjarvalsstöðum, en eins og allir vita var sá heiðursmaður einn af fyrstu stuðningsmönnum og ævilangt vinur meistara Kjarvals.



ÞESSI mynd var tekin í gærmorgun á Austurvelli af prestinum Jonathan Motzfeldt frá Júlifanehaab, sem hingað kom sem gestur Landverndar til fyrirlestrarhalds á aðalfundinum í gær.

Í dag mun séra Motzfeldt flytja prédíkun við guðþjónustuna í Dómirkjunn kl. 11 árd.

Klukkan 4 í dag flytur hann fyrirlestur í Norræna húsinu um væntanlega heimastjórn Grænleinga árið 1979. Motzfeldt er fyrsti grænlenzki presturinn sem stífar í prédíkanarstól hér á landi. (Mbl. Friðþjófur)



## Jólamerkjásala Thorvaldsensfélagsins hafin

Jólamerki Thorvaldsensfélagsins eru nú komin út og er sala þeirra hafin í verzluninni í Austurstræti 4.

Thorvaldsensfélagið hefur á undanförunum árum gefið slík jólamerki út og er ágóðanum varið til styrktarstarfsemi. Það var Gunnar Hjaltason, sem teiknaði merkið að þessu sinni og er það jólamynd af Austurvelli með Dómkirkjunni og Alþingishúsið í baksýn.

Merkin kosta 25 krónur stykkið.

## „Við arineldinn“ með mormónum

TVEIR vestur-íslenskir mormónar, bræðurnir Daníel og Danfel Gíslasynir, eru nú staddir hér á landi og munu tala á samkomu að Háaleitisbraut 19, sunnudaginn 7. nóv., kl. 7.30 e.h. Samkomuna kalla þeir „Við arineldinn“.

## Sinfóníutónleikar

### Tónlist

eftir JÓN ÁSGEIRSSON

Efnisskrá:  
Jórunn Viðar  
Mozart  
Sjostakóvits  
Eldur  
Sinfónía concertante  
Sinfónía nr. 9  
Einleikarar:  
Einar Grétar Sveinbjörnsson  
Ingvar Jónasson  
Stjórnandi:  
Karsten Andersen

TONLEIKARNIF hófust á „Eldinum“ eftir Jórunni Viðar. Eldur er skemmtilegt viðfangs-efni og mætti nota margvísleg litbrigði hljóðfæranna til að líkja eftir blæbrigðum hans. Jórunni tekst víða að ná fram skemmtilegum blæbrigðum, einkum þó í upphafi verksans. Sem lýsing á eldi er verkið of lagrænt, en sem tónverk er það skemmtilegt áheyrnar og var á köflum vel leikið. Sinfónía concertante eftir Mozart er fallett verk og var mjög vel leikið af þeim Einari Grétari og Ingvari. Hvort þeir eru meiri tónlistarmenn nú, en er þeir störfuðu hér heima, er ef til vill ekki rétta viðmiðunin á frammistöðu þeirra áður og nú, því þó þeir hafi verið svo gæfusa- samir að skapa sér stærri tækifæri erlendis, en hér heima, og þá er list sinni, er þeir green á þeim meidi sem Björn

Olafsson sáði til og vaxnir upp í frjórrí en óræktaðri og frumstæðri tónmenningu okkar kalda lands. Frammistaða þeirra stækkar íslenska tónlistarmenn og er þeim hvatning til dáða. Eftir glæsilegan flutning á Mozart léku þeir sem aukalag Chaconne eftir Handel, útsetta og endursamda fyrir fiölu og lágfiölu, af miklum glæsileik.

Tónleikunum lauk með þeirri „niundu“ eftir Sjostakóvits, sem er stórkostlegt listaverk og var ótrúlega vel leikin af hljómsveitinni, þrátt fyrir að síðasti kaflinn og reyndar öll sífónían var allt of hratt leikin. Í raddskrá verksins er síðasti kaflinn með yfirskriftinni Allegretto, en eftir því sem undirritaður veit bezt, merkir það hraða sem er minni en Allegro, er einfaldlega merkir hratt. Allegrettokaflinn var leikinn presto og margir áhrifamiklir staðir týndust og misstu hljómkraft sinn vegna of mikils hraða.